

Nr. 130 / 10 Dettifoss**Skipverji slasast við sjóbúning**

IMO.nr. 9086801
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13

Gögn:

Úrdráttur úr leiðarbók
Slysaskrá frá skipi
Gögn RNS



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. júlí 2010 var Dettifoss á siglingu til Rotterdam. Veður: Hægviðri.

Skipverji var að vinna á þilfari þegar sjóbúningsstöng féll á síðu hans svo hann slasaðist. Skipverjinn varð ófær til vinnu á þilfari um tíma en vann þá í eldhúsi.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn stóð á lúgunni og var að losa gám í annarri hæð;
- að hann hafði sleppt stönginni þannig að hún sveiflaðist til, losnaði úr gámnum og féll á síðu skipverjans. Fram kom að rétt væri að sleppa ekki stönginni fyrr en hún væri kyrr í beinni stöðu niður.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.